

## Íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts

Ár 2020, miðvikudaginn 8. september, var haldinn 8. fundur íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts. Fundurinn var haldinn í Ráðhúsi Reykjavíkur, Tjarnarbúð og hófst kl. 16.30. Fundinn sat Þorkell Heiðarsson og Ásta Katrín Hannesdóttir. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 230/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitastjórnarráðherra skv. VI. bráðabirgðarákvæðis sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011: Björn Gíslason, Elvar Örn Þórisson og Hrönn Vilhjálmsdóttir. Fundinn sat einnig Sigurlaug Anna Jóhannsdóttir. Einnig sátu fundinn með fjarfundarbúnaði Heimir Snær Guðmundsson sem ritaði fundargerð og Sólveig Ingibjörg Reynisdóttir.

### Petta gerðist:

1. Lagt fram fram bréf til nefnda og ráða Reykjavíkurborgar frá skrifstofu borgarstjórnar dags. 1. september 2020, um samþykkt borgarstjórnar á tillögu um heimildir til frávíka frá skilyrðum sveitastjórnarlaga vegna neyðarástands í sveitarfélögum – notkun fjarfundarbúnaðar.
- Kl. 16.31. Eve Alice Lucienne Leplat tekur sæti á fundinum.
2. Fram fer kynning á starfsemi þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts og samstarf við íbúaráð Árbæjar og Norðlingaholts.

Íbúaráð Árbæjar og Grafarholts leggur fram svohljóðandi bókun:

Íbúaráð þakkar Sólveigu Ingibjörgu Reynisdóttur, framkvæmdastjóra þjónustumiðstöðvar Árbæjar og Grafarholts fyrir kynningu hennar, þar koma fram mjög áhugaverðar upplýsingar um íbúasamsetningu hverfisins og þær áskoranir sem eru framundan í þjónustu við íbúa. Íbúaráð leggur áherslu á mikilvægi þjónustumiðstöðvarinnar í hverfinu og því grundvallarhlutverki sem miðstöðin gegnir þar. Íbúaráð hefur átt mjög gott samstarf við starfsfólk þjónustumiðstöðvarinnar og leggur áherslu á að það samstarf byggist upp enn frekar.

3. Lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar dags. 4. september 2020 þar sem óskað er eftir umsögn á tillögu að hámarkshraðaáætlun Reykjavíkurborgar fyrir borgarhlutann.
4. Lagt fram bréf íbúaráðs Árbæjar og Norðlingaholts ódags. með ábendingum ráðsins vegna fjárfestingar- og viðhaldsáætlunar Reykjavíkurborgar.
5. Fram fer umræða um málefni hverfisins.
6. Lagðar fram til afgreiðslu umsóknir í hverfissjóð. Þessi liður fundarins er lokaður. Samþykkt að veita Skátasambandi Reykjavíkur styrk að upphæð kr. 125.000 vegna verkefnisins Hoppandi fjör við sundlaugar í Reykjavík.

Afgreiðslu annarra umsókna frestað.

### Fundi slitið kl. 18:00

Þorkell Heiðarsson

Ásta Katrín Hannesdóttir  
Björn Gíslason  
Eve Alice Lucienne Leplat

Elvar Örn Þórisson  
Hrönn Vilhjálmsdóttir